

RÁÐ OG DÆMI UM MÁLÞROSKAMAT: DÆMI UM DAGBÓK

Nafn barnsins: _____

Dagsetning: _____

1. ATHUGUN (ca. 5 mín):

Setningar sem barnið segir. Hvernig tjáir barnið sig (munnlega, líkamlega, með athöfnum, leik, tilfinningum)?

Aðstæður:

Abdi spilar teningaspil með einum leikskólakennara og tveimur börnum.

Leikskólakennarinn segir: „Það er komið að þér að kasta“. Abdi horfir á leikskólakennarann, tekur teningana og kastar þeim á gólfíð. Eitt af hinum börnunum við borðið fer að hlæja.

Leikskólakennarinn segir, ég meinti að þú ættir að hrista teningana og kasta þeim svo á borðið, svona. Leikskólakennarinn sýnir hvað hann á við. Það sést að Abdi er svolítið óruggur þegar hann hristir teningana.

2. ATHUGUN (ca. 5 mín):

Setningar sem barnið segir. Hvernig tjáir barnið sig (munnlega, líkamlega, með athöfnum, leik, tilfinningum)?

Aðstæður:

Það er búið að lesa upphátt úr Gullbrá og Abdi á að segja frá því hvað gerðist í sögunni.

„Pabbi á stóra skál. Mamma í litla skál og svo sá strákurinn miklu litlari skál“.

Abdi sýnir stærðina með höndunum.

3. ATHUGUN (ca 5 mín):

Setningar sem barnið segir. Hvernig tjáir barnið sig (munnlega, líkamlega, með athöfnum, leik, tilfinningum)?

Aðstæður:

Leiksvæðið. Abdi langar til að vera með í leik með nokkrum drengjum (þeir eru í Star Wars).

Hann fer til þeirra og segir „ég vil vera með“. Hinir svara „nei“. Abdi fer til starfsmanns og segir honum að hann fái ekki að vera með. Starfsmaðurinn segir að hann geti reynt að spyrja aftur. Abdi gengur í átt að drengjunum, sest nálægt þeim og fylgist með leiknum.

SPURNINGAR TIL ATHUGANDANS

- Hvenær gengur barninu best að tjá sig?
Þegar Abdi getur notað athafnir og fær hjálp frá starfsfólkinu sem útskýrir og sýnir honum hvað hann á að gera.
- Hvaða aðferðir notar barnið til að eiga samskipti við jafnaldra sína?
(munnlegar, með líkamanum, með athöfnum, leik, tilfinningum).
Abdi reynir að tala við hina en hann dregur sig í hlé ef þeir skilja hann ekki.
- Hvaða aðferðir notar Abdi til að eiga samskipti við fullorðna einstaklinga?
(munnlegar, með líkamanum, með athöfnum, leik, tilfinningum).
Hann segir frá og notar athafnir þegar fullorðna fólkið spyr hann af forvitni.
- Hvað heldur aftur af barninu við að tjá sig?
Abdi dregur sig til baka og verður þögull þegar það er eitthvað sem hann skilur ekki eða þegar hin börnin skilja hann ekki

SKIPULEGÐU HVAÐ ÞÚ VILT GERA TIL AÐ EFLA MÁLÞROSKA BARNSINS Í DAGLEGUM VERKEFNUM

- Hvað vilt þú örva hjá barninu ?
(t.d. að ná samkomulagi í hlutverkaleik, orðaforða/ hugtök sem þið notið í leik með bílum/ risaædlum/ riddurum)
Ég vil að Abdi geti fengið að vera með í leik með hinum krökkunum og ná betri samskiptafærni.
- Hverja af styrkleikum barnsins og áhugamálum er hægt að nýta í vinnunni með málþroska þess?
Abdi hefur áhuga á bókum og hlutverkaleiknum sem hinir strákarnir eru í.
- Hvaða aðgerðir ætlar þú að segja í gang?
(T.d. hvetja barnið til að segja frá leik með bílum/ risaædlum/ riddurum. Spyrja af áhuga um það hvað sé að gerast, hvað getur hann gert o.s.frv.).
- *Ég ætla að hjálpa Abdi til að komast inn í hlutverkaleik hinna með því að fá hann með í umræðuna með hinum börnunum t.d. með því að spyrja öll börnin að því hvaða hlutverk þau vilji hafa í leiknum.*
- *Ég ætla að koma af stað leik þar sem ég trygggi að Abdi fái að vera með.*
- *Þegar ég spila spil við Abdi ætla ég að gæta þess að setja orð á athafnir mínar t.d. „Nú á ég að gera. Ég vona að ég fái 6“.*

AÐ DEILA ÞEKKINGU

Hvernig og hvenær ætlar þú að deila þeirri þekkingu sem þú hefur öðlast um barnið til samstarfsfélaga þinna?

Á næsta deildarfundi ætla ég að gera grein fyrir athugunum mínum og þeim aðgerðum sem ég set í gang og hvað við getum gert til að styðja við málþroska Abdis.